

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 972

Dagsetning: 7. febrúar 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni og heimsóknir í kjördæmaviku Alþingis í næstu viku.

2. Erindi vegna Normera

Kynning á erindi frá Embætti landlæknis vegna bréfs frá Normera og rætt um hvernig best væri að svara.

3. Bólusetningar í apótekum

Farið yfir erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um tilraunaverkefni um Covid-19 bólusetningar í apótekum.

4. Covid-sýnataka

Fjallað um framhald á miðlægri sýnatöku vegna Covid-19.

II. Efni til Umræðu

5. Fagfundur í heilbrigðisráðuneytinu

Rætt um mál sem voru til umræðu á fagfundi í heilbrigðisráðuneytinu 6. febrúar 2023 og hvernig vinna megi þau mál áfram.

6. Húsnæði Upplýsingamiðstöðvar

Rætt um húsnæðisvanda Upplýsingamiðstöðvarinnar og bólusetningar.

7. Varðveisla á gögnum

Rætt um geymslumál og varðveislu á gögnum HH.

III. Efni til afgreiðslu

8. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 1. febrúar 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

9. Tímabundnar álagsgreiðslur

Framhald umræðu um tímabundnar álagsgreiðslur lækna og hjúkrunarfræðinga.

Niðurstaða: Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar munu upplýsa stjórnendur um fyrirkomulag álagsgreiðslna.

10. Eloomi og Workplace

Rætt um fyrirkomulag nýliðafræðslu og endurnýjun á myndböndum með kynningum á deildum HH.

Niðurstaða: Ákveðið að öll nýliðafræðsla verði færð af Eloomi yfir á Workplace og að myndbönd frá deildum verði uppfærð. Samningi við Eloomi verður sagt upp.

IV. Önnur mál

11. Kjarasamningar lækna og vottorðamál

Rætt um ýmis launamál lækna og mögulegar áherslur HH í komandi kjarasamningsviðræðum.

12. Gæðastjórnun og tölfræði

Rætt um fyrirkomulag gæðamála og tölfræðiupplýsinga.

13. Samningur við Janus

Farið er yfir stöðu mála tengt samningi við Janus endurhæfingu um ADHD-greiningar. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi.

14. Samgöngustyrkur

Fjallað um stöðu samgöngustyrks í Miðbæ og Domus. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00.